# GÁTLISTI við ávísun EpiPen®/EpiPen® Jr.

Nafn/Fornafn | Fæðingardagur | Dagsetning

**1** **Hefur þú sjúkdómsgreint sjúklinginn með að vera í hættu á að fá eða hefur nú þegar fengið bráðaofnæmisviðbrögð?**

◯ **JÁ**

**2** **Veit sjúklingurinn hvenær á að gefa adrenalín?**

◯ **JÁ**, og er þegar að nota EpiPen/EpiPen Jr.
▶ Haldið áfram í **SKREF 3**

◯ **JÁ**, en hefur ekki notað EpiPen/EpiPen Jr.
▶ Haldið áfram í **SKREF 2**

◯ **NEI**
▶ Haldið áfram í **SKREF 1**

**SKREF 1:** Hefur þú útskýrt fyrir sjúklingnum hvernig á að bregðast við snertingu við ofnæmisvaka og hvenær á að gefa adrenalín?

◯ **JÁ**

▶ Haldið áfram í **SKREF 2**

**SKREF 2:** Hefur þú kynnt EpiPen/EpiPen Jr. og sýnt nákvæmlega skref fyrir skref hvernig nota á EpiPen/EpiPen Jr. með því að nota EpiPen/EpiPen Jr. þjálfunartækið og sýnt myndbandið „Hvernig á að nota EpiPen/EpiPen Jr.“? (sjá frekari upplýsingar á bakhlið). Hefur sjúklingnum verið séð fyrir EpiPen þjálfunartæki til þess að æfa tækni við inndælingu? Hefur sjúklingnum verið ráðlagt að horfa á kennslumyndband um hvernig eigi að nota EpiPen sjálfvirka inndælingartækið?

◯ **JÁ**

▶ Haldið áfram í **SKREF 3**

**SKREF 3:** Hefur þú beðið sjúklinginn um að sýna notkun EpiPen/EpiPen Jr. með því að nota EpiPen/EpiPen Jr. þjálfunartækið?

◯ **JÁ**

**3** **Hefur þú ráðlagt að endurtaka sjálfsþjálfun með þjálfunartækinu reglulega og þjálfun allra sem eru í nánum samskiptum?**

◯ **JÁ**

**4** **Hefur þú ráðlagt að vera ávallt með 2 EpiPen/EpiPen Jr. meðferðis ef einkenni dvína ekki og þörf er á öðrum skammti?**

◯ **JÁ**

# Hvernig á að NOTA EpiPen/EpiPen Jr.

Fjarlægðu **EpiPen/EpiPen Jr.** úr hulstrinu. Þú skalt liggja útaf með fæturna örlítið hærri til að halda blóðinu á hreyfingu eða sitja í uppréttri stöðu ef erfitt er að anda.

1



Taktu **EpiPen/EpiPen Jr.** í ráðandi höndina með þumalfingur næstan bláu hettunni þannig að höndin lokist utan um **EpiPen/EpiPen Jr.** og dragðu bláu öryggishettuna af.
**Mundu: „Blátt til himins, appelsínugult að læri“.**

2



Haltu **EpiPen/EpiPen Jr.** í u.þ.b. 10 cm fjarlægð frá utanverðu læri. Beindu appelsínugula oddinum að utanverðu læri.

3



Stingdu **EpiPen/EpiPen Jr.** ákveðið í utanvert lærið, hornrétt (90° horn). Haltu þétt upp að lærinu í 5 sekúndur.

4



Fjarlægðu **EpiPen/EpiPen Jr.** og fargaðu á öruggan hátt. Appelsínugula nálarhlífin mun framlengjast til að hylja nálina.

5



Nuddaðu stungustaðinn í 10 sekúndur. Hringdu í 112, biddu um sjúkrabíl og tilkynntu „bráðaofnæmi“.

**Aðeins má nota hvern EpiPen/EpiPen Jr. einu sinni. Ef einkenni dvína ekki skaltu gefa þér annan EpiPen/EpiPen Jr. eftir 5-15 mínútur.**

# Hvernig á að GEYMA EpiPen/EpiPen Jr.

- Geymið **EpiPen/EpiPen Jr.** ekki við hærri hita en 25°C. Má ekki geyma í kæli. Má ekki frjósa.
- Geymið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi. Þegar loft eða ljós komast að adrenalíni, eyðileggst það fljótt, dökknar og verður ógegnsætt.
- Munið að aðgæta innihald glerrörlykjunnar í sjálfvirka **EpiPen/EpiPen Jr.** inndælingartækinu öðru hvoru til að tryggja að vökvinn sé enn tær og litlaus.
- Skiptið **EpiPen/EpiPen Jr.** sjálfvirka inndælingartækinu út á fyrningardegi eða fyrr ef lausnin er upplituð eða botnfall verður.

Útgáfa 1 - nóvember 2018